

**119. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í Brekkubæjarskóla,  
17. desember 2019 og hófst hann kl. 16:30.**

**Fundinn sátu:**

Bára Daðadóttir formaður, Sandra Margrét Sigurjónsdóttir varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Arnbjörg Stefánsdóttir áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Sigrún Þorbergsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara grunnskóla, Hjördís Dögg Grímarsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara grunnskóla, Erla Ösp Lárusdóttir áheyrnarfulltrúi foreldra grunnskólabarna, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir verkefnastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Valgerður Janusdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 1812201 - Brekkubæjarskóli -breytingar/endurbætur á annari hæð**

Undanfarið hafa staðið yfir miklar breytingar á vinnu- og mataraðstöðu starfsmanna og stjórnendarými Brekkubæjarskóla. Skólastjóri sýnir fullrúum í skóla- og frístundaráði nýju aðstöðuna.

*Arnbjörg Stefánsdóttir áheyrnarfulltrúi skólastjórnenda Brekkubæjarskóla, Hjördís Dögg Grímarsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara í Grundaskóla, Sigrún Þorbergsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara í Brekkubæjarskóla og Erla Ösp Lárusdóttir áheyrnarfulltrúi foreldra barna í Brekkubæjarskóla.*

**2. 1910130 - Starfsáætlun grunnskólanna 2019 - 2020**

Skólastjóri Brekkubæjarskóla kynnir starfsáætlun Brekkubæjarskóla fyrir starfsárið 2019 - 2020.

*Arnbjörg, Hjördís Dögg, Sigrún og Erla Ösp sitja áfram undir þessum lið.*

*Skóla- og frístundaráð þakkar Arnbjörgu skólastjóra Brekkubæjarskóla fyrir kynninguna.*

**3. 1911193 - Niðurstöður samræmdra könnunarprófa í 4. og 7. bekk liggja fyrir 2019**

Kynning á niðurstöðum samræmdra könnunarprófa í Brekkubæjarskóla haust 2019. Einnig er kynntar niðurstöður lesferilsathugunar innan skólans.

*Arnbjörg, Hjördís Dögg, Sigrún og Erla Ösp sitja áfram undir þessum lið.*

*Skóla- og frístundaráð þakkar Arnbjörgu skólastjóra fyrir kynningu á niðurstöðum samræmdra könnunarprófa og framkvæmd lesferilsathugana í Brekkubæjarskóla.*

**4. 1912196 - PISA - niðurstöður**

Kynntar niðurstöður nýrrar PISA- könnunar Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD).

*Arnbjörg, Hjördís Dögg, Sigrún og Erla Ösp sitja áfram undir þessum lið.*

**5. 1905142 - Knattpyrnufélagið Kári**

Erindi frá Knattpyrnufélagini Kára vegna áður úthlutaðs styrks.

*Friðbjörg vék af fundi kl. 17:50*

*BS*

Skóla- og frístundaráð telur sig ekki hafa möguleika á að breyta forsendum úthlutunar eftir á og telur sig burfa að gæta jafnræðis meðal umsækjenda. Skóla- og frístundaráð óskar Kára velfarnaðar í störfum sínu.

**6. 1912197 - Námsvist utan lögheimilissveitarfélags**

Ósk um skólavist utan lögheimilis.

Skóla- og frístundaráð telur að verklagsreglur um leikskóla á Akranesi veiti því miður ekki svigrúm til að verða við beiðninni.

**7. 1912034 - Starfsáætlun Akraneskaupstaðar 2020**

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs kynnír tillögu að starfsáætlun sviðsins fyrir árið 2020.

Tillaga um starfsáætlun lögð fram.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:00.

Bárð Þórssdóttir  
Ragnar Þorvaldsson  
Sandra M. Sigmundsdóttir